

30. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 6. desember 2005

Haldinn þriðjudaginn 6. desember 2005 í skrifstofuhúsnæði Alþingis í Austurstræti.

Mætt: Benedikt Steingrímsson, Helga Tulinius, Hildur Gestsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Bjarni Reykr Kristjánsson sem ritaði fundargerð.

Bókað að framlag upp á 200.000 kr hefur borist frá UNIFEM. Var afhent á upphafsfundum 16 daga áttakinu. Hildur tók við þessu og setja mynd á heimasíðuna.

16. daga átak – Fundur á fimmtudaginn

Þórunn hefur verið í sambandi við Nínu og Þórdísi. Búið að panta húsið og við verðum uppi. Ekki var búið að ræða við Gest en hann mun líklega taka þetta að sér. Hildur ætlar að tala við Gest hvort hann verði ekki örugglega með. María ætlar að hafa samband við Alþjóðahúsið (staðfesta, verð og myndvarpi).

Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur verður í hádeginu, fimmtudaginn 15. desember. Fara yfir verkefnastöðuna. Taka saman.

Jóla kort og jólaglaðningur til CLF

Hugmynd að senda peningana fyrir jóla og að því fylgdi einhver glaðningur fyrir jóla. Skrifum þeim kort og sendum fyrir jóla. Hildur skrifar Rosette um kvittanir, og hvað margir eru til að gefa jólaglaðning

Stuðningsaðilar

Sendu jóla kort á stuðningsaðila. Það vantar að stuðningsaðilar fái einhverja svörun frá Alnæmisbörnum. Þeir hafa ekki fengið neitt frá okkur.